



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til sveitarfélaga og landshlutasamtaka  
sveitarfélaga

Reykjavík 15. september 2021

2009144SA VRH  
Málalykill: 00.57

### **Efni: Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2021**

Árleg fjármálaráðstefna sveitarfélaga verður haldin fimmtudaginn 7. október og föstudaginn 8. október á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu við Suðurlandsbraut í Reykjavík.

Skráning á ráðstefnuna fer fram með rafrænum hætti á [vef sambandsins](#) en þar má einnig nálgast dagskrá ráðstefnunnar.

Vegna ástandsins í samfélaginu viljum við þó takmarka fjöldann til að koma í veg fyrir mikil þrengsli. Kjörnir fulltrúar, framkvæmdastjórar sveitarfélaga og landshlutasamtaka og fjármálastjórar/bæjarritarar eða aðrir yfirmenn fjármála sveitarfélaga hafa forgang. Búið er að opna fyrir forskráningu þessara hópa á vef sambandsins.

Gera má ráð fyrir að það verði uppselt á ráðstefnuna og viljum við því biðja ykkur um að skrá fulltrúa ykkar sveitarfélags sem fyrst. Forskráningu lýkur 27. september og eftir þann tíma verður opnað fyrir skráningar frá öðrum þátttakendum.

Ráðstefnan hefst fyrri daginn kl. 10:00 með ávarpi Aldísar Hafsteinsdóttur formanns sambandsins. Flutt verða fjölmörg fróðleg erindi um málefni sveitarfélaga með áherslu á fjármál en í lok fyrri ráðstefnudags verður boðið upp á léttar veitingar.

Síðari ráðstefnudeginum verður skipt upp í eftirfarandi fjóra hluta.

Fjármál sveitarfélaga

Rekstur sveitarfélaga

Ráðstefnunni lýkur kl. 12 á hádegi 8. október.

Þátttökugjald er 23.000 kr. og eru veitingar innifaldar í því. Boðið er upp á streymi frá ráðstefnunni á [www.samband.is](#) og er það opið öllum án kostnaðar.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valur Rafn Halldórsson  
sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs